

## TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/47/28

frá 15. nóvember 2000

## um gæðatryggingu lögboðinnar endurskoðunar í Evrópusambandinu: lágmarkskröfur(\*)

(tilkynnt með númeri C(2000) 3304)

(2001/256/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum öðrum undirlið 211. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Tilskipun ráðsins 84/253/EBE, frá 10. apríl 1984, byggð á g-lið 3. mgr. 54. gr. EBE-sáttmálans, um löggildingu einstaklinga sem falið er að annast lögboðna endurskoðun bókhaldsgagna <sup>(1)</sup>, mælir fyrir um kröfur sem gerðar eru til einstaklinga sem hafa leyfi til lögboðinnar endurskoðunar.
- 2) Gæðatrygging lögboðinnar endurskoðunar er undirstaða þess að hægt sé að tryggja fyrsta flokks endurskoðun. Fyrsta flokks endurskoðun felur í sér að trúverðugleiki fjárhagsupplýsinga sem hafa verið birtar eykst og að hluthafar, fjárfestar, lánveitendur og aðrir hagsmunaaðilar fá aukna þjónustu og vernd.
- 3) Gæðatrygging er helsta leið starfsgreinarinnar til að fullvissa almenning og eftirlitsyfirvöld um að starfsemi endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja sé á gæðastigi sem uppfyllir viðurkennda endurskoðunarstaðla og siðareglur. Gæðatrygging gerir starfsgreininni einnig kleift að stuðla að auknum gæðum.
- 4) Áritanir endurskoðenda skulu veita ákveðna lágmarkstryggingu í gervöllu Evrópusambandinu varðandi áreiðanleika fjárhagslegra upplýsinga. Því mætti færa rök fyrir því að aðildarríkin hefðu nú þegar átt að vera búin að gera ráðstafanir til að tryggja að allir löggiltir endurskoðendur sem inna af hendi lögboðna endurskoðun heyrir undir gæðatryggingarkerfi.
- 5) Nú er gæðatrygging tiltölulega nýtt fyrirbæri innan Evrópusambandsins og endurspeglast það í þeirri staðreynd að ýmis aðildarríki hafa mjög nýlega komið henni í framkvæmd og í ýmsum öðrum aðildarríkjum var ekki til neitt gæðatryggingarkerfi þann 1. janúar 1999.
- 6) Gildandi innlend gæðatryggingarkerfi eru að mörgu leyti ólík, t.d. hvað varðar umfang úttektar, að hvaða marki hún er lögboðin eða valfrjáls, yfir hversu langt tímabil hún nær og hvort birta skuli niðurstöðurnar. Slíkt misræmi veldur því að erfitt er að meta hvort innlend gæðatryggingarkerfi standist viðeigandi lágmarkskröfur.
- 7) Eins og sakir standa er ekki til neinn alþjóðlega viðurkenndur staðall þar sem skilgreindar eru lágmarkskröfur um gæðatryggingu og hægt væri að nota sem viðmiðun fyrir innlend gæðatryggingarkerfi.
- 8) Þessu gæðatryggingarframtaki er beint að starfsstétt löggiltra endurskoðenda sem heild með það að markmiði að setja viðmiðanir um gæðatryggingarkerfi aðildarríkja í gervöllu bandalaginu.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 91, 31.3.2001, bls. 91, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 10/2002 frá 1. febrúar 2002 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 18, 4.4.2002, bls. 14.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 126, 12.5.1984, bls. 20.

- 9) Í því skyni að auka gæði lögboðinnar endurskoðunar geta komið aðrar gerðir ytra eftirlits með framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar, sem viðbót við skilgreiningu lágmarkskrafna, sem eftirlitsstofnanir, yfirvöld á verðbréfaþingi eða önnur eftirlitsyfirvöld á sviði lögboðinnar endurskoðunar framkvæma.
- 10) Aðildarríkjnum er frjálst að koma upp frekara gæðaeftirliti með lögboðinni endurskoðun.
- 11) Spurningin um gæðatryggingu var tekin til umfjöllunar í grænbók framkvæmdastjórnarinnar um hlutverk, stöðu og ábyrgð löggiltra endurskoðenda í Evrópusambandinu <sup>(1)</sup> og naut hún stuðnings ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og Evrópuþingsins.
- 12) Í framhaldi af orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar „Lögboðin endurskoðun í Evrópusambandinu: leiðir fram á við“ <sup>(2)</sup> var sett á stofn endurskoðunarnefnd Evrópusambandsins, sem hefur ákveðið að gera gæðatryggingu að forgangsatriði á dagskrá sinni og umræður innan nefndarinnar hafa sýnt að einhugur ríkir um að hvert aðildarríki skuli hafa yfir að ráða gæðatryggingarkerfi vegna lögboðinnar endurskoðunar.
- 13) Í framangreindri orðsendingu felst greinilega ásetningur um að vinna að samhæfingu og endurbótum á gæðum lögboðinnar endurskoðunar, helst án þess að innleiða þurfi nýja löggjöf. Því er við hæfi að gefa út tilmæli framkvæmdastjórnarinnar. Verði þessi tilmæli ekki til þess að ná fram þeirri samhæfingu gæðatrygginga sem sóst er eftir mun framkvæmdastjórnin ihuga þörfina fyrir löggjöf. Í því samhengi ætlar framkvæmdastjórnin að kanna stöðu mála þremur árum eftir samþykkt þessara tilmæla.
- 14) Framkvæmdastjórnin hefur, í framhaldi af niðurstöðum fundar leiðtogaráðsins í Lissabon, gefið út orðsendinguna „Áætlun um fjárhagsskýrslur: leiðir fram á við“ <sup>(3)</sup> þar sem undirstrikað er mikilvægi þess að framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar sé á sama háa gæðastiginu í öllu Evrópusambandinu.
- 15) Almennt samkomulag er í endurskoðunarnefnd Evrópusambandsins og í tengslanefndinni um reikningsskilatilskipanir um lágmarkskröfurnar sem settar eru fram í þessum tilmælum.

LEGGUR HÉR MEÐ TIL:

Að gæðatryggingarkerfi í aðildarríkjum Evrópusambandsins skuli fullnægja eftirfarandi lágmarkskröfum:

#### 1. UMFANG GÆÐATRYGGINGARINNAR

**Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að gæðatryggingarkerfi nái til allra einstaklinga sem annast lögboðna endurskoðun.**

Heitið einstaklingar tengist áttundu tilskipuninni þar sem skilgreindar eru reglur um veitingu löggildingar til handa einstaklingum sem annast lögboðna endurskoðun (löggiltir endurskoðendur). Eins og sakir standa nær gæðatryggingarkerfi ekki til allra þeirra sem annast lögboðna endurskoðun í Evrópusambandinu.

#### 2. AÐFERÐIR

**Bæði starfsbræðraúttekt og vöktun eru viðteknar aðferðir við gæðatryggingu.**

Í meginatriðum eru notaðar tvær mismunandi aðferðir við gæðatryggingu í Evrópusambandinu: vöktun og starfsbræðraúttekt. Með vöktun er átt við að starfsmenn fagfélags eða eftirlitsyfirvalda hafi umsjón með gæðatryggingarkerfinu og geri úttekt á gæðatryggingunni. Með starfsbræðraúttekt er átt við að (virkir) starfsbræður fari í eftirlitsferðir.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB C 321, 28.10.1996, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB C 143, 8.5.1998, bls. 12.

<sup>(3)</sup> COM(2000) 359 lokagerð, 13. júní 2000.

Vöktun og starfsbræðraúttekt teljast jafngildar aðferðir. Í báðum tilvikum verður að tryggja að skoðunarmennirnir sinni starfi sínu vel og af hlutlægni. Gera verður nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skoðunarmennirnir hafi nýjustu þekkingu á endurskoðunarstöðlum og gæðatryggingarkerfum (sjá einnig lið 9). Þetta á einkum við þegar vöktunaraðferðin er notuð.

Með fullnægjandi opinberu eftirliti með stjórnun og framkvæmd gæðatryggingarkerfisins og með framsetningu niðurstaðna þess (sjá einnig liði 6. og 10) ætti að vera unnt að draga úr efasemdum um hlutlægni skoðunarmanna. Þetta er einkum mikilvægt þegar um starfsbræðraúttekt er að ræða.

### 3. UMFANG ÚTTEKTARINNAR OG VAL SKOÐUNARMANNA

#### 3.1. Viðfang gæðaúttektar er löggilti endurskoðandinn sem getur verið endurskoðunarfyriertæki eða einn endurskoðandi (sjá lið 1)

Sum aðildarríki krefjast sameiginlegrar endurskoðunar. Við þær aðstæður getur upphafspunktur vals á viðfangi gæðaúttektar verið lögboðna endurskoðunarverkefnið í stað löggilts endurskoðanda en viðfang gæðaúttektarinnar er þó áfram löggilti endurskoðandinn.

#### 3.2. Við val löggiltra endurskoðenda sem úttekt er gerð á skal fylgja ákveðinni stefnu þannig að hægt sé að tryggja að gerð sé úttekt á öllum löggiltum endurskoðendum á fyrirfram ákveðnu tímabili.

Að því tilskildu að tryggt sé að úttekt sé gerð á öllum löggiltum endurskoðendum á fyrirfram ákveðnu tímabili gæti árlegt val á þeim löggiltu endurskoðendum, sem gera á úttekt á, verið byggt á mati á áhættu (t.d. byggt á samsetningu viðskiptavinanna, veltu sem er tilkomin vegna endurskoðunarstarfa með tilliti til heildarveltu eða niðurstöðum fyrri úttekta), verið handahófskennt eða samspil þessara tveggja aðferða.

#### 3.3. Þegar um er að ræða endurskoðunarfyriertæki með fleiri en eina skrifstofu er ein skrifstofa heppileg einingarstærð við gæðaúttekt. Gæðamat á endurskoðunarfyriertæki með fleiri en eina skrifstofu skal ávallt fela í sér að fullnægjandi úttekt sé gerð á skrifstofum þess.

Stærri endurskoðunarfyriertæki hafa stefnu og verklagsreglur um eftirlit sem ná til fyrirtækisins alls sem tryggir ákveðið samræmi en hver skrifstofa fyrir sig getur beitt reglum og stöðlum á mismunandi hátt. Því er álitid að ein skrifstofa sé besta einingastærðin við gerð gæðatryggingarúttekta.

#### 3.4. Úttekt á öllum löggiltum endurskoðendum skal ekki taka meira en sex ár.

Í núverandi gæðatryggingarkerfum innan Evrópusambandsins tekur allt frá einu upp í tíu ár að gera úttekt á öllum endurskoðendum. Í samræmi við aðgreininguna, sem getið er í lið 5.1, skal stytta þann tíma sem tekur að gera úttekt á löggiltum endurskoðendum sem vinna fyrir aðila sem fara með mál er varða hagsmuni almennings.

Í þeim tilvikum þegar löggiltur endurskoðandi endurskoðar eingöngu lítil fyrirtæki þar sem ekki er um mikla áhættu er að ræða er viðunandi að úttekt taki allt að tíu ár. Þegar þannig háttar er nauðsynlegt að fá upplýsingar reglulega frá löggilta endurskoðandanum sem staðfesta að ekki hafi orðið marktæk breyting á samsetningu viðskiptamannahópsins.

#### 3.5. Stytta skal ferlið þegar um er að ræða löggilta endurskoðendur sem áður hefur verið gerð úttekt á með líft viðunandi niðurstöðum.

Í tilvikum þegar niðurstöður gæðaúttektar voru að flestu leyti viðunandi en ákveðnar tillögur gerðar um úrbætur kann að vera skilvirkara að fylgja eftir framkvæmd tillagnanna fremur en að gera nýja heildargæðaúttekt.

#### 4. UMFANG GÆÐAÚTTEKTARINNAR

- 4.1. **Gæðatrygging nær til lögboðinnar endurskoðunar ársreikninga sem framkvæmd er af löggiltum endurskoðendum. Gæðaúttektin skal ná til mats á innra gæðaeftirlitskerfi endurskoðunarfyrtækis og fela í sér fullnægjandi sannprófanir á innra eftirliti með verklagi og endurskoðunarskjölum til að færa sönnur á að kerfið starfi á viðunandi hátt.**

Öll aðildarríkin hafa nú þegar gert endurskoðunarfyrtækjum skylt að koma á innra eftirliti í samræmi við alþjóðlegan staðal um endurskoðun 220 „Quality Control for Audit work“ (Gæðaeftirlit vegna endurskoðunarvinnu). Auk feitletruðu málsgreinanna í ISA 220 kann að reynast nauðsynlegt að fastsetja nákvæmari kröfur um innra gæðaeftirlit löggiltra endurskoðenda í aðildarríkjunum til að renna stoðum undir gæðaúttektirnar. Þessar viðbótarkröfur má byggja á þeim aðferðum til gæðastýringar sem nefndar eru í 6. lið ISA 220 sem fjalla um markmið innri gæðaeftirlitskerfa endurskoðunarfyrtækja.

- 4.2. **Gæðaúttektin skal taka til eftirfarandi viðfangsefna við athugun á einstökum endurskoðunarskjölum:**

- gæða upplýsinga í vinnuskjölum sem liggja til grundvallar mati á gæðum endurskoðunarinnar,
- að farið sé að helstu endurskoðunarstöðlum,
- að farið sé að helstu siðareglum, þ.m.t. reglum um hlutleysi,
- áritana endurskoðenda:
  1. viðeigandi framsetningar og tegundar áritunar;
  2. að ársreikningar séu í samræmi við ramma um fjárhagsskýrslur sem um getur í árituninni.
  3. að vanrækt sé að geta um ósamræmi ársreikninga við önnur lagaskilyrði sem um getur í árituninni.

Lögboðin endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við lagaskilyrði, viðurkennda endurskoðunarstaðla og virðir siðareglur, er afar mikilvæg notendum endurskoðaðra fjárhagsupplýsinga því að hún tryggir ákveðinn trúverðugleika endurskoðaðra ársreikninga. Gerðar eru ákveðnar kröfur um áritanir endurskoðenda vegna mikilvægis þeirra sem opinbers afraksturs lögboðinnar endurskoðunar. Einnig eru gerðar kröfur um samræmi við ramma um fjárhagsskýrslur til að undirstrika mikilvægi lögboðinnar endurskoðunar við framfylgd endurskoðunarstaðla.

#### 5. AÐGREINING AÐFERÐA

- 5.1. **Rétt er að greina á milli nálgunar vegna gæðatryggingar löggiltra endurskoðenda sem vinna fyrir aðila sem fara með mál er varða hagsmuni almennings og gæðatryggingar þeirra sem ekki vinna fyrir slíka aðila. Aðgreiningin varðar ákveðna kerfisbundna þætti gæðatryggingar svo sem tíðari úttektir, aukíð opinbert eftirlit með framkvæmd gæðatryggingarinnar og möguleikann á aðgengi lögbærra yfirvalda að gögnum skoðunarmanna (sjá lið 5.2). Aðgreining breytir ekki umfangi, markmiðum eða heildaraðferðafræði einstakra gæðaúttekta.**

Hugtakið „aðili sem fer með mál er varða hagsmuni almennings“ nær meðal annars yfir: skráð félög, lánastofnanir, tryggingafélög, fjárfestingarfyrtækni, fyrtækni um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum svo og lífeyrissjóði.

- 5.2. Það eftirlitsyfirvald eða lögbæra yfirvald sem ber endanlega ábyrgð á að stjórna og viðhalda gæðatryggingarkerfinu getur haft aðgang að einstökum skjölum sem skoðunarmaður hefur tekið saman varðandi löggilta endurskoðendur sem einkum vinna fyrir aðila sem fara með mál er varða hagsmuni almennings. Aðgengi að skjölum skoðunarmanns skal vera með fyrirvara um þær trúnaðarkvaðir sem settar eru fram í lið 8.

## 6. OPINBERT EFTIRLIT OG OPINBER SKÝRSLUGJÖF

- 6.1. Nægjanlegt opinbert eftirlit skal vera með gæðatryggingarkerfum og skal það framkvæmt af reikningsskilaráði þar sem meirihlutinn er ekki fagmenn.

Gæðatryggingarkerfi í Evrópusambandinu skulu vera nægilega trúverðug til að uppfylla ytri markmiðin: að viðhalda tiltrú almennings og sýna þar til bærum yfirlöndum fram á viðunandi framkvæmd innra eftirlits. Krafa um opinbert eftirlit er til þess gerð að tryggja að gæðatryggingin hafi í raun og sann nægjanlegan trúverðugleika. Raunveruleg skipulagning opinbers eftirlits með gæðatryggingu mun verða mismunandi í aðildarríkjunum og fara eftir því skipulagi á eftirliti með löggiltum endurskoðendum sem fyrir er og mikilvægi lögbundins eftirlits í hverri grein með gæðum lögbodinnar endurskoðunar.

Opinbert eftirlit með gæðatryggingu gæti verið viðbót við það skipulag eftirlits með löggiltum endurskoðendum sem fyrir er og þegar felur í sér hlutdeild opinberra aðila en í öðrum tilvikum mun vera þörf á sérstakri nefnd sem samanstendur m.a. af aðilum sem ekki eru endurskoðendur svo sem fulltrúum fyrirtækja, fulltrúum yfirvalda á verðbréfaþingi og fulltrúum hluthafa.

Markmið opinbers eftirlits með gæðatryggingu gætu m.a. verið:

1. eftirlit með stjórnun (áætlunum og eftirliti) gæðatryggingarkerfisins;
2. mat á niðurstöðum úttektar;
3. að samþykka opinbera skýrslugjöf um gæðatryggingu (sjá lið 6.2).

- 6.2. Niðurstöður gæðatryggingar skulu birtar á viðunandi hátt.

Birting niðurstaðna gæðatryggingar er önnur leið til að auka tiltrú opinberra aðila á gæðatryggingarkerfunum. Birting uppsafnaðra niðurstaðna gæðatryggingarinnar án þess að einstök endurskoðunarfyrirtæki séu nefnd er talin nægileg. Trúverðugleikinn yrði meiri ef einnig væru birt tilmæli um starfsgreinatengdar-og/eða eftirlitsaðgerðir auk upplýsinga um eftirfylgni vegna tilmæla og viðurlaga.

## 7. VIÐURLÖG

**Kerfisbundin tenging milli neikvæðra niðurstaðna gæðaúttektar og þess að beita viðurlögum samkvæmt viðurlagakerfinu er nauðsynleg. Í viðurlagakerfinu skal gert ráð fyrir þeim möguleika að löggilti endurskoðandinn sé tekinn af skrá yfir endurskoðendur.**

Gæðatrygging er í sjálfu sér ekki eini möguleikinn til að beita viðurlögum. Markmið gæðatryggingar eru að framfylgja, sýna fram á og auka gæði endurskoðunar. Tengslin á milli gæðatryggingar og viðurlaga er að auka trúverðugleika en þau eru einnig rökrétt þar sem hægt er að líta á gæðatryggingu sem tæki til að tryggja framkvæmd. Hugsanleg afskráning endurskoðenda skiptir einkum máli fyrir lönd þar sem skráning löggiltra endurskoðenda er ekki á vegum þeirra fagaðila sem sjá um framkvæmd gæðatryggingarkerfisins.

## 8. ÞAGNARSKYLDA

### 8.1. Löggilti endurskoðandinn skal vera undanþeginn ákvæðum um þagnarskyldu varðandi endurskoðunarskjöl viðskiptamanna vegna gæðatryggingarúttekta.

Í flestum aðildarríkjum með gæðatryggingarkerfi hefur afhending vinnuskjala endurskoðenda til skoðunarmanna verið undanþegin venjulegum reglum um þagnarskyldu endurskoðenda. Þetta felur í sér að það að afhenda skoðunarmanni endurskoðunarskjöl er ekki brot á þagnarskyldu og getur þar af leiðandi ekki leitt til skaðabótaskyldu.

### 8.2. Skoðunarmaðurinn er bundinn þagnarskyldu svipaðri þeirri sem gildir um endurskoðendur. Þó getur það ekki talist brot á þagnarskyldu að veita eftirlitsyfirvaldi eða lögbæru yfirvaldi aðgang að skjölum skoðunarmannsins (sjá lið 5.2).

Flest aðildarríki með gæðatryggingarkerfi hafa sett sams konar reglur um þagnarskyldu skoðunarmanna og þær sem gilda um endurskoðendur við framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar.

### 8.3. Kveðið skal á um að allir sem vinna fyrir eða hafa unnið fyrir eftirlitsyfirvöld eða lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á að stjórna og viðhalda gæðatryggingarkerfinu svo og þeir sem sitja í opinbera eftirlitsráðinu skuli bundnir þagnarskyldu.

Með fyrirvara um innlend ákvæði er með orðinu þagnarskylda í þessu samhengi átt við að hlutaðeigandi einstaklingar megi ekki ljóstra upp trúnaðarmálum sem þeir hafa komist á snodir um við störf sín nema í samantekt eða samþjöppuðu formi þannig að ómögulegt sé að greina hverjir skoðunarmaðurinn, endurskoðandinn, sem gæðaúttektin beinist að, og viðskiptamaðurinn, sem úttektarskýrslurnar eru um, eru og aðilar sem honum tengjast.

## 9. HÆFI SKOÐUNARMANNSINS

**Gæðatryggingarkerfið skal tryggja að þeir einstaklingar, hvort sem um er að ræða starfsbræður eða starfsmenn eftirlitsstofnunar, sem framkvæma gæðaúttektir hafi til að bera viðeigandi starfsmenntun og viðeigandi reynslu og fengið sérstaka þjálfun í gerð gæðatryggingarúttekta.**

Í mörgum löndum er einungis hægt að tilnefna löggilta endurskoðendur til að framkvæma starfsbræðraúttekt. Viðeigandi reynsla getur einnig átt við reynslu á sérstökum sviðum.

## 10. SJÁLFASTÆÐI OG HLUTLÆGNI SKOÐUNARMANNSINS

Gæðatryggingarkerfið skal tryggja að þegar valdir eru skoðunarmenn til einstakra úttektarverkefna sé tekið tilhlýðilegt tillit til hugsanlegra hagsmunaárekstra. Skoðunarmennirnir skulu hlíta þeim kröfum um sjálfstæði sem gilda um löggilta endurskoðendur.

Val skoðunarmanna vegna einstakra gæðaúttekta skal byggt á viðmiðunum sem tryggja sjálfstæði og hlutlægni skoðunarmannsins í raun og sann. Opinbera eftirlitsráðið gæti haft eftirlit með beitingu viðmiðana um val á skoðunarmönnum.

## 11. FJÁRMAGN

**Til þess að gæðatryggingarkerfi séu trúverðug í augum almennings skal þeim úthlutað nægilegu fjármagni (aðföngum).**

Ljóst er að gæðatryggingarkerfi kosta peninga og skulu þau því vera eins skilvirk og hægt er þannig að þau standist raunhæfar kröfur almennings og yfirvalda. Ef gæðatryggingarkerfi nær á óhlutdrægan hátt til allra löggilta endurskoðenda í Evrópusambandinu mun það ekki skekkja samkeppnisstöðuna á þessu sviði.

Augljóslega er misjafnlega miklu fjármagni varið til gæðatrygginga. Til að markviss samanburður geti farið fram verður heildarfjármagn að vera tengt fjölda lögboðinna endurskoðana þar sem tekið er tillit til þess hvort einhverjir skjólstæðinga endurskoðandans eru aðilar sem fara með mál er varða hagsmuni almennings (sjá einnig lið 3.4, tíminn sem tekur að gera heildarúttekt á öllum endurskoðendum). Birting upplýsinga um fjármagn sem úthlutað er til ytri gæðatrygginga mun auka trúverðuleika.

## 12. LOKAÁKVÆÐI

Þessum tilmælum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. nóvember 2000.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Frederik BOLKESTEIN

*framkvæmdastjóri.*

---